

108

26. okt.

16. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum til sýslusjóðs allt að 1000 kr. og öðrum viðurlögum samkvæmt XIV. kafla laga nr. 61, 23. júní 1932.

17. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt, nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

18. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það á tveim fundum í röð.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og sagöngumálaráðuneytið, 26. október 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

109

26. okt.

REGLUGERÐ

um niðurfjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurkaupstað.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru fasteignamati og standa á lóð, er liggur að götu eða vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn veitt úr vatnsveitu bæjarins.

Skatturinn skal lagður á eftir fasteignamatsverði húsanna.

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skipt í tvo flokka til vatnsskatts, sem hér segir:

1. flokkur:

Allar byggingar, sem engin íbúð er í:

Af fyrstu 100000 kr. fasteignamatsverðsins 3‰.

Af því, sem fasteignamatsverð er þar fram yfir, 2‰.

2. flokkur:

Allar byggingar, sem íbúð er í:

Af fyrstu 100000 kr. fasteignamatsverðsins 3,75‰.

Af því, sem fasteignamatsverð er þar fram yfir, 3,25‰.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, greiðist aukagjald 1% af virðingarverðinu, ef aukagjaldið er ekki ákveðið sérstaklega samkvæmt 3. gr. 109
26. okt.

3. gr.

Vatnsskattur fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðar-fyrirtæki og fyrir vatn til annarar slíkrar notkunar skal venjulega ákveðinn með samningi. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimtur eftir mæli. Greiðist þá af ársbrúkun hverri 1 kr. 50 aurar fyrir hverja 100 hektó-litra upp að 10 þúsund hektólitrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun bæjarráðs og eftir því, hve mikið er notað.

Vatnsveitan leggur til mæli, en notandi greiðir hæfilega leigu fyrir hann.

4. gr.

Fyrir vatn, er látið er úti til skipa á höfninni, greiðist bæjarsjóði f. h. Vatns-veitunnar 75 aurar fyrir hvert tonn, sé það flutt í skipin á bátum, en 1 kr. 50 a., ef það er látið úti við bryggju.

Hafnarstjórn ákveður verð vatnsins.

5. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í sam-band við vatnsæðarnar.

6. gr.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 2. janúar, og ber að greiða hann til bæjargjaldkera.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um niður-jöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík nr. 65, 20. apríl 1915.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.